


Samþykkt þann
27 JUL 2011
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

**Byggingarlýsing**

Leikskóli - Hraunvallaskóli við Drekavelli 9, Hafnarfirði
Landnr. 195078. Staðgreinir 1400-1-18700090

**Starfssemi:**
Bráðabirgðabygging leikskóla með 4 samtengda kjarna með færanlegum skólastofum og tengibyggingu.
Gert er ráð fyrir að bráðabrigðabyggingin rúmi rúma 48-50 börn auk 7 starfsmanna. Starfsmannarými eru í núverandi skóla.

Leikskólinn býður uppá heitan mat fyrir öll börn skólans. Allur matur er framleiddur í starfrækktu eldhúsi Hraunvallaskóla og er gert ráð fyrir að skólabörnin matist í núverandi skólahúsi.

Ofnæmisbörn fá sér matreiðslu á mat. (það sem á við á í hverju tilviki fyrir sig).

Gert er ráð fyrir töluverðri samnýtingu rýma með leikaskóla Hraunvallaskóla á sömu lóð. Þar er ma. mötuneytiseldhús, þvottahús ofl. sem nýtast mun báðum skólunum. Vinnsluferli í eldhúsi miðast við að fyllsta öryggis sé gætt, hvað varðar framleiðslu. Í bráðabrigðabyggingu er aðstaða til móttöku matarbakka og minni háttar matreiðslu..

**Byggingarefni:**
Kennslustofur og tengibygging byggjast úr timbureiningum. Stofurnar eru færanlegar og eru fluttar af Hjallabraut. Útveggjagrind er 150x50 mm, einangruð með 150 mm steinull og klæðist að utan með standandi timburklæðningu.
Gólf er timburgólf sett á stálbita sem festir eru færanlegar, steinsteyptar undirstöður.
Gluggar og hurðir eru trégluggar. Allt gler er tvöfalt einangrunargler með K-gleri.

Þök eru tvennskonar. Annarsvegar flatt sperruþak (tengibygging) einangrað með 200 mm steinullareinangrun og klætt pappa. Hinsvegar kraftsperruþak (kjarnar) einangrað með 200 mm steinullareinangrun og klætt bárustáli

Varmaeinangrun byggingarhluta skal standast lágmarkskröfur byggingarreglugerðar varðandi *U-gildi.*

| | |
|---|---|
| Þak | 0,2 *W/m2K* |
| Léttur útveggur einangraður í grind | 0,3 *W/m2K* |
| Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, k-gler) | 2,0 *W/m2K* |
| Hurðir | 3,0 *W/m2K* |
| Gólf að útlofti | 0,2 *W/m2K* |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir) | 0,58 *W/m2K* |

*Útreikningur U-gilda byggingarhluta skal gerður í samræmi við ÍST / EN 26946-1*

**Frágangur innanhúss:**
Innanhúss eru útveggir og loft klæddi með tvöföldu gifsi. Léttir innveggir eru byggðir upp með stálgrind gifsklæddir og fylltir steinull. Allt byggingarefni innanhúss skal vera í brunaflokki 1.

Allar innihurðir skulu vera amk. 90 cm breiðar.

Öll gluggalaus rými eru loftræst með sjálfdragi, en annars er loftað um opnanleg fög

Gólfefni: Á gólfum snyrtinga, eldhúsi og ræstingu er vinyldúkur en á öðrum rýmum er linoleumdúkur.
Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum.
Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns skulu gerð skv. kröfum viðkomandi veitna, og staðsett í þar til gerðu rými.
Gert er ráð fyrir að sorpgerði verði samnýtt með leikskóla

**Brunavarnir:**
EW 30 gler verður sett í gafl núverandi Hraunvallaskóla sem snýr að færanlegum kennslustofum.
Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt vaktstöð verður í húsinu. Í húsinu eru ÚT-ljós og neyðarlýsing, björgunarop, rýmingarleiðir og brunaslöngur skv. kröfum reglugerðar.
Gangur er aðskilinn frá kennslurýmum með EI60 veggjum og ECS30 mínútu hurðum nema inn á salerni frá gangi eru hurðir EICS30.
Öll björgunarop eru amk. 0,6 m x 0,9 m.
Brunaslöngur (25 m) eru staðsettar miðað við að þær nái auðveldlega kennslustofum .
Allar klæðningar eru í flokki 1.
Slökkvitæki eru staðsett í samráði við Eldvarnareftirlitið.

**Stærðir**
Lóð: 28188,5 m2
Núverandi skólahúsnæði: 9401,7 m2
Bráðabrigðakennslustofur: 419,2 m2 og 1230,7 m3

**Bílastæði:**
Bílastæði. Samnýtt með grunnsskóla auk sleppistæða við aðalinngangana (vestanmegin).

Samþ.
26.07.2011
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

25.07.2011
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |

ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Áritun aðalhönnuðar:
Páll Gunnlaugsson Arkitekt F.A.Í. Kt. 210552-2199
pall@ask.is

DREKAVELLIR 9
Lausar kennslustofur
VERKEFNI

| | |
|---|---|
| HEITI TEIKNINGAR: Afstöðumynd Byggingalýsing | MKV. Í A2: 1:500@A2 |
| | TEIKNAÐ: pg |
| | DAGS: 22.7.2011 |
| VERK NR.: 1147 / NÚMER TEIKNINGAR: 10-01 | ÚTGÁFA |